

## REGLUGERÐ

### um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisgagnafræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um heilbrigðisgagnafræðinga sem hafa starfsleyfi landlæknis skv. 2. gr.

#### II. KAFLI

##### Starfsleyfi.

###### 2. gr.

###### *Starfsheiti.*

Rétt til að kalla sig heilbrigðisgagnafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

###### 3. gr.

###### *Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.*

Leyfi skv. 2. gr. má veita þeim sem lokið hafa 90 ECTS eininga diplómanámi í heilbrigðisgagnafræði frá Háskóla Íslands.

Einnig má veita starfsleyfi á grundvelli menntunar frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss. Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisgagnafræðinga sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum.

Þá er heimilt að veita starfsleyfi þeim sem lokið hafa sambærilegu námi frá menntastofnun í ríki utan EES eða Sviss sem viðurkennd er sem slík af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Umsækjandi um starfsleyfi sem heilbrigðisgagnafræðingur, skv. 2. gr., frá ríki utan EES og Sviss sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi skal meðal annars leggja fram gögn um ríkisfang, innihald náms og námslengd, ásamt prófskírteini, starfsleyfi, ef starfsgreinin er löggilt í því landi sem umsækjandi kemur frá, fyrirhuguð störf hér á landi svo og önnur gögn og vottorð sem landlæknir telur nauðsynleg vegna útgáfu starfsleyfis.

Áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þarf að liggja fyrir eftir atvikum staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf svo og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru nauðsynleg til að geta starfað sem heilbrigðisgagnafræðingur, einkum vegna öryggis og samskipta við sjúklinga.

Hafi að mati landlæknis ekki verið sýnt fram á að nám umsækjanda uppfylli kröfur skv. 1. mgr. að teknu tilliti til starfsreynslu er heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir próf sem sýni fram á að hann búi yfir þeirri faglegu þekkingu og hæfni sem krafist er af heilbrigðisgagnafræðingi.

Landlæknir skal skipuleggja prófið í samráði við læknadeild Háskóla Íslands.

Starfsleyfi skv. 3. mgr. er gefið út við komu umsækjanda til starfa hér á landi.

###### 4. gr.

###### *Umsagnir.*

Áður en leyfi er veitt skv. 2. gr. á grundvelli menntunar utan Íslands skv. 3. mgr. 3. gr. skal landlæknir leita umsagnar hjá læknadeild Háskóla Íslands um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um menntun skv. 1. mgr. 3. gr. fyrir útgáfu starfsleyfis.

Landlækni er heimilt að leita umsagnar annarra aðila eftir þörfum.

### III. KAFLI Réttindi og skyldur.

#### 5. gr.

##### *Faglegar kröfur og ábyrgð.*

Heilbrigðisgagnafræðingur skal sýna virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmennsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar á hverjum tíma.

Heilbrigðisgagnafræðingi ber að þekkja skyldur sínar og virða siðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Heilbrigðisgagnafræðingur skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

Heilbrigðisgagnafræðingur ber ábyrgð á störfum sínum innan heilbrigðiskerfisins svo sem meðhöndlun heilbrigðisupplýsinga, skipulagningu og skráningu kóða, úrvinnslu og vistun og miðlun upplýsinga, gæðastöðlum og gæðaeftirliti með áreiðanleika gagna.

Heilbrigðisgagnafræðingur skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt er.

#### 6. gr.

##### *Upplýsingaskylda og færsla sjúkraskrár.*

Um upplýsingaskyldu heilbrigðisgagnafræðinga fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklunga, nr. 74/1997.

Um skyldu heilbrigðisgagnafræðinga til að veita landlækni upplýsingar, meðal annars vegna eftirlits og til gerðar heilbrigðisskýrsla, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Heilbrigðisgagnafræðingur skal, eftir því sem við á, færa sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

#### 7. gr.

##### *Nemar.*

Heilbrigðisgagnafræðingur ber ábyrgð á því að nemar, sem honum er falið að veita leiðsögn, hafi næga hæfni og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og tilsögn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

#### 8. gr.

##### *Trúnaður og þagnarskylda.*

Heilbrigðisgagnafræðingur skal gæta fyllstu þagnarmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki þjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir heilbrigðisgagnafræðing undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem heilbrigðisgagnafræðingi ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisgagnafræðingi skylda til að koma upplýsingum um atvik á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu heilbrigðisgagnafræðinga gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklunga, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

### IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

#### 9. gr.

##### *Gjaldtaka.*

Um gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfis fer skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Um gjaldtöku vegna hvers konar umsýslu landlæknis vegna umsókna um starfsleyfi til viðbótar gjaldi skv. 1. mgr. og vegna prófa í faglegri þekkingu og færni fer samkvæmt reglugerð um gjaldtöku vegna umsókna um starfsleyfi og sérfræðileyfi heilbrigðisstarfsmanna, nr. 951/2012.

10. gr.

*Almenn ákvæði.*

Ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli gilda eftir því sem við á um heilbrigðisgagnafræðinga.

11. gr.

*Læknaritarar með eldri starfsréttindi.*

Læknaritarar sem hlotið hafa starfsréttindi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar halda þeim réttindum óskertum og öðlast starfsheitið heilbrigðisgagnafræðingar.

12. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur brott reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi nr. 1104/2012.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 20. júní 2019.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

Ásthildur Knútsdóttir.